

Erindisbréf fyrir Lýðheilsuráð Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður er aðili að Heilsueflandi samfélagi og leik-grunn og framhaldsskóli eru allir heilsueflandi skólar. Heilsueflandi samfélag er verkefni á vegum Landlæknisembættisins. Verkefnið Barnvænt sveitarfélag er einnig í innleiðingarferli í sveitarfélaginu en það tengist Heilsueflandi samfélagi.

Ábyrgðaraðilar

Fræðslu- og frístundanevnd.

Skipan í Lýðheilsuráð

Forstöðumenn eftirfarandi stofnana skipa aðalmann og varamann fyrir sína hönd sem fulltrúa í lýðheilsuráð.

- Leikskólinn Sjónarhóll
- Grunnskóli Hornafjarðar
- Framhaldsskóli Austur Skaftafellssýslu
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Höfn
- Velferðarsvið
- Fræðslu- og frístundasvið þaðan sem starfsmaður ráðsins kemur.

Auk þess koma fulltrúar frá eftirtöldum aðilum

- Ungmennaráði
- Ungmennafélaginu Sindra
- Foreldrafélagi Grunnskóla Hornafjarðar
- Félagi eldri Hornfirðinga
- Félagsmiðstöðinni Þrykkjunni.

Hlutverk

1. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu. Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og er meginmarkmið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem hvetja íbúa til heilbrigðra lífnaðarháttá og stuðla að góðri heilsu og vellíðan allra íbúa.
2. Almennar og sértækar forvarnir er einnig áherslupáttur í vinnu lýðheilsuráðs.
 - **Almennar forvarnir** - boðið er upp á fræðslu og ýmsa viðburði til að hvetja og vekja íbúa til umhugsunar um heilbrigða lífshætti, unnið gegn hvers kyns fordómum og hvatt til þess að almennum reglum s.s. um aldurstakmörk og útivist sé fylgt.
 - **Sértækar forvarnir** beinast að ákveðnum hópum eða sviði með því m.a. að aðstoða við að draga úr neikvæðri birtingarmynd hegðunarvanda, draga úr eða koma í veg fyrir neyslu, bæta umferðarmenningu o.fl.

Helstu verkefni

- Gera tillögu um heilsueflandi stefnu fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð.
- Vinna aðgerðaráætlun í samræmi við heilsueflandi stefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Aðgerðir skulu vera tímasettar, kostnaðarmetnar og ábyrgðaraðilar tilgreindir.

- Halda uppi virku upplýsingastreymi og kynningum um Heilsueflandi samfélag á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Vinna og kynna ársskýrslu Heilsueflandi samfélags á Hornafirði.

Starfsrammi:

- Fundað er með forstöðumönnum stofnana sem eiga aðild að Lýðheilsuráði í ágúst/september ár hvert, þar sem farið er yfir verkáætlun og stefni.
- Forstöðumenn bera ábyrgð á því að tilnefna fulltrúa í ráðið og styðja við starf þeirra í heilsueflandi samfélagi.
- Tómsfundafulltrúi leitar eftir fulltrúum annarra aðila í ráðið.
- Lýðheilsuráð tilnefnir 3-5 fulltrúa úr ráðinu í starfshóp sem útfærir frekar þau mál sem ráðið vill vinna að. Starfshópurinn boðar stýrihópinn á fundi til að halda honum upplýstum og fá hugmyndir frá þeim eftir þörfum en aldrei sjaldnar en þrisvar á ári.

Lýðheilsuráð

- Lýðheilsuráð hefur ekki fjárhagslega og/eða stjórnunarlega ábyrgð.
- Starfshópur Lýðheilsuráðs fundar a.m.k. 1. sinni í mánuði.
- Lýðheilsuráð og starfshópur þess skal halda fundargerðir og færa þær í ONE. Um fundarsköp og fundarritun gildir samþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stjórn og fundarsköp.
- Fundargerðir Lýðheilsuráðs skal leggja fyrir fræðslu- og frístundanevnd til umfjöllunar.
- Tómsfundafulltrúi er málsvari og starfsmaður hópsins og starfar náið með öðru starfsfólki sviðsins og starfsfólki velferðarsviðs við að styrkja hverskonar heilsueflingu í sveitarfélaginu. Í því tilliti skal einnig hafa farsældarlögin og barnvænt samfélag til hliðsjónar.
- Lýðheilsuráð og starfsemi þess fer almennt fram á venjulegum vinnutíma. Fulltrúar sem sitja í starfshóp sinna því verkefni sem hluta af sinni vinnu.

Ráðgjöf og samstarf

Starfshópurinn getur leitað ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma. Kostnaður vegna slíkrar vinnu skal rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Aukafjárveitingar eru samkvæmt reglum sveitarfélagsins um gerð viðauka.

Starfstímabil

Starfshópurinn hefur starfað frá febrúar 2020 og er starfandi svo lengi sem samningur er í gildi milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

Erindisbréf þetta var endurskoðað haustið 2022 af Lýðheilsuráði og fræðslu- og frístundanevnd og samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 24. október 2022.

Sigurjón Andrésen
Bæjarstjóri